


# MONITOR



FRÍTT  
EINTAK

**TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍÞRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ**



ISENKAISIAFAR 508651 08/10

Sérniðin þjónusta fyrir allar *tegundir* námsmanna.  
Námsmenn okkar fá betri *kjör* og *meiri* fríðindi.

Nánari upplýsingar um Námsmannþjónustu Arion banka fást hjá  
þjónusturáðgjöfum í útibúum okkar og á [arionbanki.is](http://arionbanki.is) eða í síma 444 7000.

 Arion banki

Sá sem ber karlmannsnafnið **Þorri** er 53% líklegri til að verða þræll en sá sem heitir eitthvað annað. Þetta er ekki vísindalega sannað.

REYNIÐ KOMST AÐ ÞVÍ AÐ ÞAÐ ERU LÍKA BÓFAR Í NOREGI



## Dramatískt rán á tókustað

Íslenska kvikmyndin **Okkar eigin Osló** verður frumsýnd þann 4. mars. Leikstjórinn **Reynir Lyngdal** lenti meðal annars í því að vera rændur við tókur í Noregi.

„Þetta er saga um fólk sem kynnist í ráðstefnuferð í Osló og þegar þau koma heim reyna þau að pikka upp sambandið og fara saman í sumarhústað. Þá fer allt til fjandans,“ segir Reynir Lyngdal, leikstjóri kvikmyndarinnar **Okkar eigin Osló** sem verður frumsýnd þann 4. mars um söguþráð myndarinnar sem gerist bæði á Íslandi og í Noregi.

### Rænd í Noregi

„Við vorum aðallega að berjast við veðrið hérna heima en annars gekk allt mjög vel hjá okkur,“ segir Reynir um tókurnar en bætir þó við að í Noregi hafi virkilega ótrúlegt atvik átt sér stað. „Í Noregi vorum við með aðeins minna tókulið en hérna heima. Við vorum búin að taka upp í nokkra daga og vorum að byrja á síðustu tókunni þegar brotist var inn í kamerubílinn,“ segir Reynir sem fékk hálfgerð sjokk við fréttirnar enda mikið í húfi. Þegar atvikið átti sér stað voru leikararnir og tókulið þegar búin að koma sér fyrir á tókustað í miðbæ Oslóar. „Við vorum búin að stilla okkur upp á einhverri

brú þarna í miðbænum rétt hjá brautarstöðinni þegar einn tókumaðurinn kom hlaupandi og spurði hvort við hefðum nokkuð skilið einhver verðmæti eftir í bílnum,“ útskýrir Reynir en við fréttirnar hljóp allur hópurinn að bílnum til að skoða aðstæður. „Það var mjög dramatísk stund þegar við komum að bílnum og sáum brotnu rúðuna,“ segir hann en sem betur fer var græjum og öðru mikilvægu ekki stolið úr bílnum. „Sem betur fer varð tjónið ekki meira,“ segir Reynir þó vissulega hafi norsk tókumaðurinn ekki verið sáttur með að missa veskið sitt.

### Endirinn enn á huldu

„Nú erum við að leggja lokahönd á myndina, lita-stilla og vinna tónlistina,“ segir Reynir um framvindu vinnslunnar. Myndin var þó sýnd aðstandendum og fleirum um daginn og fékk góðar viðtökur þó smá babb hafi komið í báttinn á sýningunni. „Projectorinn í bíóinu bilaði þegar tíu mínútur voru eftir af myndinni svo það hefur enginn séð endinn ennþá,“ segir Reynir hlæjandi um upptökunna. „Þetta heldur spennunni í loftinu.“



### OKKAR EIGIN OSLÓ

**Frumstýnd:** 4. mars.

**Aðalhlutverk:** Þorsteinn Guðmundsson, Brynhildur Guðjónsdóttir, Þórhallur Gunnarsson, Hilmir Snær Guðnason, María Heba Þorkelsdóttir, Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir, Ari Eldjárn og Steindi Jr.

**Leikstjóri:** Reynir Lyngdal.

**Handrit:** Þorsteinn Guðmundsson.

**Tónlist:** Helgi Svavar Helgason.

**Framleiðsla:** Hrönn Kristinsdóttir og Anna María Karlsdóttir í Ljósbandi.



### VALDIMAR

Lagið „Okkar eigin Osló“ kemur út um helgina. Valdimar Guðmundsson úr hljómsveitinni Valdimar flytur lagið með sinni íðilfagra söngródd og fær til liðs við sig Memfismafuna til að leika undir. Helgi Svavar úr Hjúlmum samdi lagið og Bragi Valdimar úr Baggalúti samdi textann.

## Monitor mælir með

**FYRIR AFMÆLISBÖRN** Gokartbrautin í Garðabæ býður upp á sniðugt afmælistilboð fyrir hópa en þá fær afmælisbarnið frítt og hinir 50% afslátt.

Það er virkilega gaman að skella sér á brautina og keppa við félagana en munið bara að það er almenn kurteisi að leyfa afmælisbarninu að vinna.



**BÍÓ** Ef þú vilt fara í bíó til þess að gráta er málið að gíra sig niður og skella sér á kvikmyndina

**Hereafter.** Hvað verður um okkur? Er líf eftir dauðann? Þessum spurningum og fleirum reynir miðillinn Matt Damon að svara.

**FYRIR HUNGRABA** Það er ljúft í skammdeginu að hitta vini og fjölskyldu, spjalla um lífið og baka saman pítu.

Monitor bendir nýgræðingum í pítu-bakstri á einfaldar uppskriftir sem finna má á hliðinni á venjulegum hveitipökkum. Bon appétit!



## Vikan á...

### facebook

**Logi Geirsson** Við eigum hvorki meira né minna en 2 ára afmæli ég og frúin. Mikið hrikalega leið þetta nú hratt !!! ;)

19. janúar kl. 12:17

**Vala Grand** Jæja nú er komin að því ;D buin að finna the doctor ;P tíma á eftir stay tuned ;D

19. janúar kl. 12:52

**Jón H Hallgrímz** Það tekur mig oftast 6 mín að fá leið á kellingum en þessi sló met 2 mín .....

19. janúar kl. 14:03

**Sigmar Vilhjálmsson** Þetta landslið er án efa stolt okkar íslendinga. Sama hvernig fer þá getum við verið stolt af landsliði Íslands í handbolta karla!

17. janúar kl. 22:53

**Hjörvar Hafliðason** Hef fengið virkilega flottar viðtökur fyrir leik minn í myndinni The Tourist sem nú er í bíó. Verst að Jolie og Depp hafa víst átt betri daga.

16. janúar kl. 22:41

## Feitast í blaðinu

**Leiksfyrirmyndir framhaldsskólanna** eru margar mjög áhugaverðar í ár. >>>4

**Ford-stelpurnar 2011** kynntar. Nú kynnumst við fyrstu fimm stúlkunum. >>>6

**Daníel Ágúst** er eitursvalur. Hann horfir aldrei á fréttir en elskar að fara í gufubað. >>>8

**Rakel Mjöll** söngkona er á uppleið. Hún keppir í Eurovision um helgina. >>>13

**Adolf Ingi** er í Lokaprófinu. Hann myndi fara í heimsreiðu með Snorra Steini. >>>14

## Efst í huga Monitor

### Súrsaðir hrútsþungar handan við hornið

Nú er þorinn að byrja og margir eflaust farnir að kvíða þorrablótunum. Flestir eru óvanir að borða súrsaðan og kæstan mat sem heitir skringilegum nöfnum og ákvað Monitor því að hjálpa lesendum að velja og hafna þegar að hlaðborðinu kemur. Þorramaturinn flokkast hávísindalega í þrjá flokka eftir því hversu illa nafnið hljómar og geta þeir allra hræddustu fengið sér þorramat úr auðvelda flokknum, þeir hugrakkari úr auðvelda og erfiða flokknum en þriðji flokkurinn er einungis fyrir áhættufíkla. Njótið vel!

### Auðvelt

Flatkökur  
Hangikjöt



Laufabraud  
Rófustappa  
Rúgbrauð

### Erfitt

Blóðmör  
Harðfiskur  
Lifrarpylsa  
Pottbrauð  
Sviðasulta

### Óætt

Lundabaggar  
Kæstur hákarl  
Magáll  
Rengi  
Selshreifur  
Súr sundmagi  
Súrsaðir hrútsþungar  
Sviðakjammur  
Sviðalappir

# Draumur Verslinganna

Nemendamótsnefnd Versló setur upp leikritið *Drauminn*, sem er byggt á *Draumi* á Jónsmessunótt eftir Shakespeare. Það hefur þó verið fært í nútímalegri búning og aðalhetjurnar í þessari útgáfu eru krakkar sem eru að ljúka menntaskóla.



SIGRÍÐUR DAGBJÖRT  
FÍLAR 90'S TÓNLIST

Sigríður Dagbjört Ásgeirsdóttir, formaður nemendamótsnefndar Versló. Um hvað er sýningin?

„Hún fjallar um fjóra einstaklinga sem eru að halda út í lífið. Tvö þeirra ákveða að hlaupast á brott og hin elta. Álfadrottning og álfakóngur fylgjast með þeim og þeim er byrjað lyf sem lætur þau verða hrifin af þeirri manneskju sem þau sjá fyrst þegar þau opna augun. Í þessari uppfærslu eru þetta krakkar sem eru að klára menntaskóla og þetta er ekki upphaflegi Shakespeare-textinn. Af hverju ætti fólk að koma á þessa sýningu?

„Af því hún er litrík og það er skemmtilegt að horfa á hana. Sviðsmyndin er risastór og búningarnir eru geggjáðir. Allir handsaumaðir. Tónlistin er skemmtileg 90's tónlist í nýjum búningi, lög eins og Livin' La Vida Loca og Titanic-lagið.“

**Leikrit:** *Draumurinn* (byggt á sögunni um draum á Jónsmessunótt)  
**Leikstjóri:** Orri Huginn Ágústsson.  
**Hvar:** Sýnt í Loftkastalanum.  
**Tónlistarstjóri:** Stop, wait, go.  
**Frum-sýning:** 3. febrúar.

MARÍA ÓLAFSDÓTTIR  
leikkona í *Draumnum*

**Aldur:** 17 ára, er á öðru ári.  
**Braut:** Félagsfræðibraut.  
„Ég leik stelpu sem heitir Heiður. Hún er í sambandi með einum en vill í raun og veru vera með öðrum strák, svo hlutirnir fara í svolitla flækju.“

**Stefnirðu á að verða leikkona?**  
„Já ég stefni á leiklistarnám og ég held mig langi að læra það erlendis þar sem ég get farið á söngleikjabraut, en ég á enn eftir að ákveða það.“

**Áttu þér fyrirmynd í leiklistinni?**  
„Kannski ekki beint í dag en þegar ég var lítil þá leit ég svoltið upp til Selmu Björnsdóttur.“  
**Hvað er besta lagið í sýningunni?**  
„Somebody to love. Mig minnir að það heiti Einhvern til að elska í okkar útfærslu.“

# FRAMHALDSSKÓLA

Monitor kynnir sér hvaða sýningar verða á boðstólnum hjá framhaldsskólunum í ár. V

# Tröll í Garðabænum

Leikfélag FG setur upp söngleikinn *Lyngmóar 3* sem er byggður á bandaríska söngleiknum *Avenue Q*. Í staðinn fyrir að fjalla um menn og brúður í New York segir hann frá samskiptum manna og trölla í *Lyngmóar 3* í Garðabæ.



HEIÐAR SEGIR TRÖLL  
LEYNAST Í LYNGMÓUM

Heiðar Sumarliðason, leikstjóri *Lyngmóum 3*. Um hvað er sýningin?

„Þetta er staðfæring á bandaríska söngleiknum *Avenue Q* sem gerist í New York og fjallar um menn og brúður sem búa í sátt og samlyndi. Í okkar útgáfu eru það menn og tröll sem búa saman í *Lyngmóum* í Garðabæ.

Leikritið fjallar um ungan mann sem er nýutskrifaður úr FG. Hann er að leita sér að húsneði og byrjar að leita á Arnarnesi. En hann hefur ekki efni á því að búa þar og endar í *Lyngmóum*. Þar kynnist hann tröllastelpunni Sól og verður ástfanginn af henni.“

**Hvers vegna ætti fólk að koma á þessa sýningu?**  
„Þetta er skemmtilegasti söngleikur sem ég veit til að hafi nokkurn tímann verið settur á svið og hann er líka þannig að fólk sem þolir ekki söngleiki fílar hann. Ég sá hann í London og ég hef aldrei séð jafn skemmtilegt leikhús á ævinni.“

YLFA MARÍN TRÚIR Á  
ÁLFASÖGUR

YLFA MARÍN HARALDSDÓTTIR  
leikkona í *Lyngmóum 3*

**Aldur:** 19 ára, útskrifast í vor.

**Braut:** Listnámsbraut.  
„Ég leik Sól sem er tröll. Hún er mjög klár og góð stelpa en hún er svoltið vanmetin og fær að finna fyrir því að hún sé tröll. Hún er ekki komin jafn langt í lífinu og sætu stelpurnar af því hún er tröll og hún er svoltið reið yfir því. Annars er hún rosalega ljúf og lítil í sér. Vill ekki vera lúði og vill bara fá að vera með.“

**Trúir þú á tröll?**  
„Já, já. Tröll og álfa og allt saman.“  
**Hvað er það skemmtilegasta við að taka þátt í svona leikriti?**

„Þetta er svo skemmtilegt ferli og skemmtilegt að sjá þetta fæðast. Fyrst er maður svoltið öruggur með karakterinn sinn en svo kemur sviðið og búningar og maður verður alltaf öruggari og öruggari þangað til það er allt í einu komið að frum-sýningu. Svo verður maður alltaf betri og betri, því oftar sem maður tekur þátt.“

**Leikrit:** *Lyngmóar 3*.  
**Höfundur:** Byggt á söngleiknum *Avenue Q*.  
**Tónlistarstjóri:** Sigríður Eyrún Friðriksdóttir.  
**Frum-sýning:** 23. febrúar í Urðarbrunni í FG.

# Barnaharmleikur í boði Kvennó

Leikfélag Kvennaskólans ræðst í uppsetningu á hundrað ára gömlu verki sem var ótrúlega djarft fyrir sinn tíma og er stundum kallað barnaharmleikur. Það er þó ekki endalaust drama heldur munu áhorfendur líka fá að hlæja.



Vala Björg Valsdóttir  
formaður leikfélags Kvennó

## Um hvað er sýningin?

„Þetta er einhvers konar gaman-harmleikur, hefur stundum verið kallað barnaharmleikur. Þetta fjallar um unglinga rétt fyrir aldamótin 1900 sem eru í rauninni að uppgötva lífið. Þetta er hundrað ára gamalt leikrit og það er mjög djarft miðað við það. Það kemur í rauninni allt fyrir í þessu leikriti sem ekki var mikið skrifað um á þessum tíma, sjálfsmorð, sjálfsfrón, nauðgun og samkynhneigð.“

## Af hverju ætti fólk að koma á þessa sýningu?

„Markmiðið okkar er að vera ekki með það sama á hverju ári, við setjum t.d. ekki alltaf upp söngleik og ekki alltaf upp spunaleikrit. Núna erum við að vinna upp úr gömlu handriti en þetta á samt að vera svolítið tímalaust leikrit. Þetta er rosalega myndið en á sama tíma þá gengur þú hugsandi út af sýningu.“

VALA SEGIR SÝNINGUNA  
FÁ FÓLK TIL AÐ HUGSA

ATLI VÆRI TIL Í AÐ FETA Í  
FÓTSPOR SAM ROCKWELL

ATLI FREYR  
ÍSFEÐ ÓSKARSSON  
leikari í Vorið vaknar

**Aldur:** 19 ára, er á síðasta ári.  
**Braut:** Félagsfræðibraut.  
„Ég leik Melchior sem er við það að útskrifast úr skóla. Hann er mikill hugsuður en frekar hrokafullur karakter. Telur sig vera betri en aðra og vill mikið kenna fólk.“

## Áttu mikið sameiginlegt með Melchior?

„Nei, ég myndi ekki segja það.“

## Hvað ætlar þú að gera eftir Kvennó?

„Mig langar mikið að fara í leiklistarnám.“

**Leikrit:** Vorið vaknar.  
**Leikstjóri:** Kári Viðarsson.  
**Höfundur:** Frank Wedekind.  
**Frumssýning:** 18. mars í Uppsölum í Kvennó.

## Hver er uppáhalds-leikarinn þinn?

„Sam Rockwell.“

Hann á að

baki mikið af hlutverkum sem mig myndi langa að leika.“

## Eru einhver atriði í sýningunni sem er vandræðalegt að leika í?

„Já, eflaust einhver atriði.“

# SÝNINGARNAR 2011

Þið byrjum að spyrja Versló, Kvennó, FG og MR af hverju þeirra sýning er betri en hinar.

# Ólík túlkun á sama verki

Herranótt MR setur upp Draum á Jónsmessunótt eftir Shakespeare með frumsamdrí tónlist. Verslunarskólinn setur upp leikrit byggt á sama verki en að sögn aðstandenda kemur það ekki að sök, enda verða uppfærslurnar alls ólíkar.



Elías Bjartur Einarsson,  
gjaldkeri Herranætur

## Um hvað er sýningin?

„Verkið fjallar um ástir ungmenna í gamla daga sem flækjast í ævintýri úti í skógi þar sem álfar og yfirnáttúrulegar verur koma við sögu. Við höldum að mestu í upprunalega Shakespeare-textann og erum líka með hljómsveit og frumsamda tónlist.“

## Hvers vegna ætti fólk að velja þessa sýningu?

„Í gegnum árin höfum við sýnt mjög metnaðarfullar sýningar og þessi er engu síðri. Og þrátt fyrir að þetta verk verði líka tekið fyrir annars staðar í ár þá er það jafnvel bara enn skemmtilegra því það er gaman að sjá tvær mismunandi túlkningar á verkinu og það verður náttúrulega mikill munur á framsetningunni.“

ELÍAS HRÆDIST EKKI  
SÝNINGU VERSLINGA

ÁRNI ÞÓR LEIKUR HINN  
ÁKVEDNA LÍSANDER

ÁRNI ÞÓR LÁRUSSON  
leikari í Draumi  
á Jónsmessunótt

**Aldur:** 17 ára, er á öðru ári.  
**Braut:** Náttúrufræðibraut.

„Ég leik Lísander sem er að mínu mati frekar ákveðinn karakter. Hann er ástfanginn af Hermíu en henni er ætlað að giftast öðrum manni, svo þau hlaupast á brott saman.“

## Fer það vel saman að vera á náttúrufræðibraut og að vera í leiklist?

„Já, já. Það getur alveg farið vel saman.“

## Ætlar þú að fara í leiklistarnám að loknum menntaskóla?

„Ég hef bara ekki gert það upp við mig ennþá.“

## Hefurðu lesið Shakespeare?

„Já, ég hef aðeins kíkt á Rómeó og Júlíu.“

## Hefði það hentað betur að vera á latínubraut þegar maður þarf að fara með flókinn texta eins og Shakespeare?

„Nei, nei. Ég held ekki. Ef maður hefur áhuga á þessu og leggur sig fram þá er þetta ekkert mál.“

**Leikrit:** Draumur á Jónsmessunótt.  
**Leikstjóri:** Gunnar Helgason.  
**Höfundur:** William Shakespeare.  
**Tónlistarstjóri:** Kristján Norland.  
**Frumssýning:** 25. febrúar í Norðurlópnum.

„Ég hanna ekki fót, ég hanna drauma.“ **Ralph Lauren.**

**Hjördís Björg Hermannsdóttir**  
16 ára úr Kópavogi  
Skóli: MK  
Hjúskaparstaða: Á lausu



### Gisele er fyrirmyndin

**Hver er reynsla þín af fyrirsætustörfum?** Ég hef verið hjá Eskimo í eitt ár.  
**Hvaða líkamshluta ertu ánægðust með?** Annað hvort hálsinn minn eða mittið.  
**Hver er fyrirmyndin þín í lífinu?** Gisele Bündchen.  
**Hvað áttu marga vini á Facebook?** Úff, kannski 200-300 eða eitthvað.  
**Hvað er það sjúkasta sem þú hefur séð á netinu?** Ógeðslega feit kona sem vill verða feitari. Síðan tekur hún upp á myndavél það sem fólk vill láta hana gera, til dæmis setja á sig hundaól!  
**Hver er heitasti karlmaður í heimi?** Erfið spurning. Þeir eru svo margir.



Myndir: Kristinn og Árni Sæberg



**Hrefna Rós Hlynisdóttir**  
16 ára úr Kópavogi  
Skóli: Versló  
Hjúskaparstaða: Á föstu

### Óheiðarleiki fer í taugarnar á mér

**Hver er reynsla þín af fyrirsætustörfum?** Eiginlega engin fyrir utan þessa keppni. Ég var í Viljanum, sem er skólablað Verslinga.  
**Hvaða líkamshluta ertu ánægðust með?** Leggina held ég bara.  
**Hver er fyrirmyndin þín í lífinu?** Það er hún amma mín.  
**Hver er heitasti karlmaður í heimi?** Kærastinn auðvitað.  
**Uppáhaldsborgin þín?** Nice í Frakklandi. Það er allt svo flott þarna, ströndin, búðirnar og veitingastaðirnir.  
**Versti ávani hjá fólki?** Ég myndi segja óheiðarleiki. Það fer mjög í taugarnar á mér þegar fólk er óheiðarlegt.



# Stúlkurnar í Ford-keppninni


**Ford-keppnin fer fram 4. febrúar næstkomandi. Hjördís Björg, Helga Kristín, Bryndís Arna, Hrefna Rós og Hildur eru fyrstu fimm stúlkurnar sem Monitor kynnir til leiks.**

**Helga Kristín Torfadóttir**  
18 ára úr Kópavogi  
Skóli: MR  
Hjúskaparstaða: Á lausu



### Gæti ekki verið án iPhone

**Hver er reynsla þín af fyrirsætustörfum?** Ég byrjaði í 10. bekk eitthvað smá, en fyrir alvöru í sumar.  
**Hvaða líkamshluta ertu ánægðust með?** Örugglega nefið á mér.  
**Hver er fyrirmyndin þín í lífinu?** Mamma mín.  
**Hvers gætirðu ekki verið án?** iPhone-símans míns.  
**Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?** Mexíkanskur og ítalskur matur. Ég er alltaf til í þannig mat.  
**Hver er uppáhaldsborgin þín?** New York. Hún er svo stór og flott og full af lífi.  
**Uppáhaldsbíómyndin þín?** Avatar. Hún er svo vel gerð og raunveruleg. Mjög falleg bíómynd.



**Hildur Holgersdóttir**  
17 ára úr Garðabæ  
Skóli: MR  
Hjúskaparstaða: Á föstu

### Það er allt fallegt og gott í París

**Hver er reynsla þín af fyrirsætustörfum?** Ég tók þátt í RFF. Eftir það byrjaði ég hjá Eskimo og núna tekur Ford við.  
**Hvaða líkamshluta ertu ánægðust með?** Augun mín.  
**Hver er fyrirmyndin þín í lífinu?** Afí minn.  
**Hvað er uppáhaldsnammið þitt?** Allt. Mér finnst allt nammi gott.  
**Hver er uppáhaldsborgin þín?** París, þar er allt fallegt og gott. Ég er að fara þangað í sumar.  
**Besta bók sem þú hefur lesið?** Harry Potter.  
**Hvað áttu marga vini á Facebook?** Þúsund og eitthvað. Ég er búin að fara tvisvar í enskuskóla svo það er afsakanlegt.



**Bryndís Arna Sigurðardóttir**  
16 ára af Álftanesi.  
Skóli: FG  
Hjúskaparstaða: Á lausu



### Jessica Alba er fallegust

**Hver er reynsla þín af fyrirsætustörfum?** Ekki mikil.  
**Hvaða líkamshluta ertu ánægðust með?** Ég myndi segja hendurnar á mér.  
**Hver er fyrirmyndin þín í lífinu?** Mamma.  
**Hver er fyndnastur í Friends?** Chandler, hann er svo fyndinn.  
**Hver er þinn verst ávani?** Ég naga neglurnar þegar ég er stressuð.  
**Hvað er það sjúkasta sem þú hefur séð á netinu?** Örugglega „two girls, one cup“. Viðbjóður.  
**Hver er fallegasta kona í heiminum?** Vá, þetta er erfitt, þær eru svo margar. Ég myndi segja Jessica Alba.



EKKI ER VÍST AD HÆGT SÉ  
AD HORFA Á SKJÁINN Í  
ÞESSARI STÖÐU



# Heilbriggt sjónvarpsgláp

Viltu sleppa því að fá samviskubit yfir sjónvarpsglápi?

Stíllinn grenslaðist fyrir um hvað hægt sé að gera á meðan tímanum er eytt í það að horfa á sjónvarpið. Mörgum finnst svo gott að grípa eitthvað í skápnunum, hvort sem það er snakk, nammi eða eitthvað annað til að japla á. Eflaust myndi þessi nartþörf breytast ef maður héldi sér uppteknum með öðru móti. Þessar sjö sniðugu æfingar er hægt að gera á meðan Desperate Housewives eða Gossip Girl er í imbanum.


**1** Sippaðu stanslaust í tvær mínútur og hvíldu þig í tvær á meðan uppáhaldspátturinn þinn er í gangi. Endurtaktu þetta fjórum sinnum. (111 kaloríur)

**2** Liggðu á gólfinu á hliðinni og lyftu löppinni upp og niður í fimm mínútur. (50 kaloríur)

**3** Gerðu æfingu þar sem höndunum er snúð í hringi í eina mínútu og endurtaktu það tvisvar sinnum. (20 kaloríur)

**4** Hlauptu upp og niður stigana heima hjá þér, á stígaganginum eða fyrir utan heimili þitt á meðan auglýsingar eru. (42 kaloríur)

**5** Stattu fyrir framan sófann þinn og beygðu þig niður eins og þú sért að fara að setjast en snertir ekki sófann. Haltu þér í þessari setustöðu í eina mínútu og endurtaktu þetta fjórum sinnum. (80 kaloríur)



FÓTSVEIFLUR YFIR SJÓNVARPINU ERU MÁLIÐ

TILVALIÐ ER AÐ TAKA PLANKANN Í AUGLÝSINGAHLÉI



**6** Liggðu á gólfinu fyrir framan sjónvarpið í plankastöðunni tvisvar sinnum í eina mínútu. (35 kaloríur)

**7** Náðu í tvær dósir (súpudós, bakaðar baunir, gular baunir eða annað) og notaðu þær sem lóð. Teygðu hendurnar aftur fyrir haus, svo að olgnbogarnir séu hjá eyrunum, og lyftu dósunum upp og niður í eina mínútu. Endurtaktu þetta þrisvar. (17 kaloríur)



ÚR PÖNKHEIMUM  
geir@monitor.is

## Mílanó er full af frökkum

Þessa vikuna er tískuborgin Mílanó yfirfull af tiskuunnendum, fatahönnuðum og herra-módelum á tískuviku herra. Það er sérstakur andi yfir Mílanó á þessum tíma og finnur maður hreinlega tiskuilminn leika um nasimar.

Víkan er til þess ætluð að sýna okkur hvað fatahönnuðir ætla að matreiða fyrir okkur á komandi vetri og alveg fram á vetur 2012. Það er alltaf hægt að pikka út ákveðna hluti og notfæra sér þá, sérstaklega hérna á Íslandi þar

sem er vetur átta mánuði á ári, guð hjálpi okkur.



Það er greinilegt að frakkarnir standa sína plikt þannig að ekki henda ullarfrakkanum.

**Burberry Prorsum**, var með skemmtilega útgáfu af frakkanum og henti í eitt stykki **rauðköflótan** sem er frekar áberandi og er algjörlega fyrir þá sem hafa hreðjar.

**Gucci** með **Fridu Giannini** í fararbroddi tók frakkann aðeins lengra með síðum skinnfrakka. Gucci hefur verið þekkt fyrir mikinn glamúr og sýning þeirra fyrir næsta vetur var engin undantekning. **Mick Jagger** myndi



líklega drepa fyrir að klæðast þessu skrímsli.

Herratískan er að mýkjast og orðið „**Androgynny**“ heyrir mikið núna en það er samheiti yfir konu og karl. Þeir sem

hugrakkastir eru ættu að pæla aðeins í þessu. Karlmenn eiga ekki að vera hræddir við að versla sér **high fashion** hluti og ganga einstaka sinnum með töskur og fylgihluti.




## Stjörnustríð

Vampírústjarnan **Anna Paquin** og Transformers-pían **Megan Fox** klæðast hér nánast eins Herve Leroux kjól, nema hvað að kjóllinn hennar Megan er ermalaus. Kjóllinn er virkilega fallegur og báðar eru þær glæsilegar í honum og klárlega kynþokkinn uppmálaður. Þær verða því að deila sigurnum enda ekki annað hægt en að gefa þeim báðum fyrstu verðlaun.

Twilight-stjarnan **Ashley Greene** og MILF-ið **Gretchen Rossi** eru báðar í gullituðum Gryphon kjól. Dressið hennar Ashley er ekki alveg að gera sig, en hún er greinilega að reyna að gera þennan fína kjól að einhverju hversdagsdressi sem misheppnast algjörlega hjá henni. Gretchen ber því sigur úr bitum hér enda undurfögur í kjólnum.

Vá! Leikkonurnar **Diane Kruger** og **Shantel VanSanten** eru báðar í gullfallegum kjól frá Chanel. Eini munurinn er að axlirnar á kjólnum hjá Shantel eru svartar og hún valdi sér styttri útgáfuna. Stíllinn hugsaði sig vel um. Diane er mjög fágúð og falleg í sínum kjól en Shantel er þægulegri og í mjög áhugaverðum skóm. Shantel fær vinninginn.

Hönnun Victoriu Beckham hefur verið að gera það gott undanfarið og hérna keppa **Drew Barrymore** og **Kelly Ripa** í kjól eftir hana. Kjóllinn er úr þannig efni að hann gerir Drew svolítið stubbalega. Kelly hefur hins vegar annaðhvort látið stytta kjólinn eða það að hún sé mun stærri en Drew. Kjóllinn fer líkambyggingu Kelly mun betur.



▲▲ Ég reyni að  
missa af  
öllum fréttum. Það  
er algjört prinsipp.

viðtalið



# Þegar staður og stund hverfa

Daníel Ágúst er að setja upp tónlistarleiksýningu með **Nýdanskri**, í febrúar gefur hann út sína aðra sólóplötu og plata með **GusGus** er væntanleg í apríl. Daníel ræðir við **Monitor** um ferilinn, tónlistina, klæðnaðinn og ómælda aðdáun á **Rod Stewart**.

**Texti:** Björn Bragi Arnarsson  
**Myndir:** Góli

bjornbragi@monitor.is  
goli@mbl.is

Árið 1989 gaf Daníel Ágúst Haraldsson út sína fyrstu plötu með Nýdanskri, eignaðist dóttur, keppti í Eurovision og lauk stúdentsprófi frá MR. Þetta var árið sem hann varð tvítugur. Þarna var toppnum þó langt frá því náð og allir þekkja sögu Nýdanskra og GusGus. Daníel hefur farið fyrir báðum þessum hljómsveitum sem verða að teljast meðal þeirra vinsælustu í íslenski tónlistarsögu.

Nýdönsk er um þessar mundir að setja upp tónlistarsýningu í Borgarleikhúsinu, Nýdönsk í nánd. Eins konar tónleikhús, að sögn Daníels. Í febrúar kemur út önnur sólóplata hans, The Drift. „Stundum finnst manni eins og örlögin séu að taka í taumana og þá rekur manni frá einum stað til annars. Öll lögin á þessari plötu eru um þennan orlagavef sem maður er í,“ segir Daníel um nafngift sólóplötunnar. Hann gefur einnig út nýja plötu með GusGus í apríl, Arabian Horse. „Arabískur hesturinn er fallegasta skepnan í dýrarikinu og er myndlíking fyrir týnda ást. Hún er svo týnd að hún er komin út í eyðimörkina,“ segir Daníel um nafngift þeirrar plötu.

Daníel segist ekki hafa ætlað sér að verða tónlistarmaður þegar hann var yngri, en eftir að Nýdönsk varð ein allra vinsælasta hljómsveit landsins þegar hann var aðeins tvítugur að aldri var framtíðin ráðin. „Ég veit ekkert af hverju ég er að gera það sem ég er að gera. Ég bara nýt þess að gera þessa hluti og get ekki hætt því. Ég ánetjaðist þessu umstangi, músíkinni, tónlistinni, bransanum og öllum þeim hlíðum sem snúa að því,“ segir hann.

**Fyrsta Nýdönsk-platan, Ekki er á allt kosið, kom út árið 1989 þegar þú varst tvítugur og varð geysivinsæl. Hvernig breyttist líf þitt þegar þú varst ekki lengur í bílskúrsbandi heldur einni vinsælustu popphljóm-sveit Íslands?**

Það urðu straumhvörf þegar við gáfum út þessa plötu því hún sló í gegn og fór í gull. Það í rauninni ákvarðaði bara mína lífsstefnu. Það olli algjörliga straumhvörfum í mínu lífi og ég varð allt í einu að tónlistarmanni. Ég var ekkert búinn að forrita það í hausinn á mér að ég yrði tónlistarmaður. Ég vissi alveg að ég gæti raulað og haldið lagi en ég var ekkert mikið búinn að ímynda mér að ég gæti gerst tónlistarmaður að atvinnu. En svo fór um við að fylgja þessari plötu eftir og ég fór að semja meira. Ég samdi bara eitt lag á fyrstu plötunni en svo jókst minn skerfur í því.

**Hvaða lag áttir þú á fyrstu plötunni?**

Það hét Skjaldbakani. Ég er nú kannski ekkert sérstaklega hrifinn af því svona eftir á að hyggja, en það var ágætis frumraun að brjóta ísinn með því að láta skjaldbókuna skriða af stað. Hún er komin á harðahlaup í dag. En þegar ég fór að semja meira og gera mér grein fyrir því að hefði eitthvað að segja og syngja um og hafði ákveðna skoðun á því hvernig tónlistin átti að hljóma fór ég að skipta mér miklu meira af sköpuninni og ferlinu. Það er eitt af því skemmtilegasta sem ég geri enn þann dag í dag.

**Undanfarna tvo áratugi hafa Íslendingar ekki farið í útilegu án þess að syngja slagara með Nýdanskri. Er það ekki svolítið kómískt fyrir þér?**

Mér þykir voða vænt um að hafa búið eitthvað til sem hefur skilið eitthvað eftir sig. Eitthvað sem fólk man eftir og er, eins og þú segir, að njóta enn þann dag í dag.

**Nýdönsk hefur frá upphafi verið þekkt fyrir talsvert frjórri og hreinlega betri textagerð en almennt gengur og gerist í íslensku poppi. Erud þið svona mikil skáld?**

Okkur finnst skipta máli að gera góða texta, hvort sem þeir fjalla um eitthvað merkilegt eða ekki. Ef það er ekki persónulegt þá er það einhver saga eða

myndlíking sem speglast í einhverju sem maður hefur upplifað. Maður fær virkilega mikið út úr því að gera það. Maður fer í eitthvað ástand við það og það ástand er betra en flest annað. Þetta er svona íhugunarástand. Maður sogast inn í eitthvað augnablik sem verður gjör-samlega órátt. Huglægt ferðalag sem maður hlakkar til að fara í aftur og aftur. Það kostar ekki peninga, það kostar bara tíma. Þetta ferli hugans þekkja allir sem vinna sköpunarvinnu. Þegar staður og stund hverfa.

**Lærdir þú einhverjum tímann að syngja eða er þessi gullbarki guðsgjöf?**

Fjölskyldan mín og fólk í kringum mig söng mikið og mér fannst gaman að syngja sjálfum. Ég var ekki nema þriggja ára þegar ég var að koma fram með teppabankarann að syngja heilu vísurnar úr Vísna-bókinni og barnagælur sem voru sungnar fyrir mig. Ég hef alltaf haft gaman af því að syngja og þegar maður er búinn að syngja alveg frá blautu barnsbeini þá er það manni tamt að nota þetta sem einhvers konar hljóðfæri, hvort sem maður gerir það að atvinnu sinni eða ekki. Raddböndin, barkinn, röddin, þetta þjálfast bara með árunum. Ég held að ég sé 24 árum betri söngvari heldur en ég var þegar ég byrjaði. Mér líður þannig. Mér finnst ég ennþá vera að þróa og reyna nýja hluti með þessu hljóðfæri. Ég hef líka skapað þannig kringumstæður að ég get notað það með alls konar móti. Maður syngur á mismunandi hátt og þá verður til þessi reynsla.

**Þú ætlaðir upphaflega að verða leikari, ekki satt?**

Ég hefði ekki þurft að sækja það langt vegna þess að faðir minn, Harald G. Haraldsson, er leikari. Ég hafði drauma um ýmislegt. Ég ætlaði að verða leikari og ég ætlaði að verða sálfræðingur. Ég hafði áhuga á ýmsu. En jú, ég var að fíkta við leiklist og var í Herraótt í MR og hafði mjög gaman af því.

**Hvernig týpa varstu í menntaskóla, áður en þú meikaðir það með Nýdanskri?**

Ætli ég hafi ekki verið trefill í menntaskóla. Ég var frekar á jaðrinum. Ég hafði gaman af félagslífinu, mér fannst gaman í leiklistinni og hafði gaman af flestöllu öðru en að vera í skóla.

**Þú bjóst með Hilmi Snæ, leikara, um tíma á menntaskólaárunum. Það hlýtur að hafa verið frekar svaðaleg sambúð?**

Það var hressandi. Það var mjög gaman og við áttum margar ódauðlegar stundir saman. Þetta var þannig að ég var heimalningur í Miðstrætinu hjá fjölskyldunni hans og bjó eiginlega hjá honum í heilan vetur áður en við fluttum tveir saman í Kjallaraíbúð á Tungötunni.

**Áttu góða sögu af einhverju rugli frá ykkur?**

Ég man eftir því að við vorum í þakherberginu heima hjá honum í Miðstrætinu að semja einhver atriði fyrir menntaskólaárshátíðina með lagið Green Onions í gangi að semja einhver spor og semja ljód og kynningar. Þetta var tímabil þar sem maður bara naut þess að kjafta og fara á kaffihús og vera til. Við vorum mjög nánir vinir og það er alltaf gott að eiga nána vini.

**Þú nærð svona langt í tónlistinni og hann í leiklist-inni. Þetta hefði kannski alveg getað verið á hinn veginn?**

Já, já. Hilmir getur alveg sungið allavega.

**Erud þið eins góðir vinir í dag?**

Já, við erum ekki alveg jafn nánir. Hann fór svolítið sína leið og ég mína leið. Til þess að ná langt með eitthvað verður maður að mynda sterk bönd í því samhengi sem maður er að vinna ef það skiptir manni máli. Það skipti mig máli og það sem Hilmir var að gera skipti hann máli.

## HRADASPURNINGAR

**Hvaða lag hatar þú mest um þessar mundir?** Ég heyrði lag með Black Eyed Peas um daginn sem var alveg hryllingur einn.\*

**Hver er uppáhaldsstaðurinn þinn í öllum heiminum?** Þar sem mér líður vel. Það er bara augnablikið, það er skemmtilegasti staðurinn.

**Hvað er það besta við Ísland?** Það allra besta við Ísland er hvað maður getur verið fljótur að framkvæma.

**Hvert er uppáhaldslagið þitt með Nýdanskri?** Svefninn laðar. Það er einhver góð tilfinning í því. Ég er rosalega ánægður þegar ég heyrir það enn þann dag í dag. Ég datt inn á eitthvað augnablik sem var mjög satt.

**Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?** Blóðug steik í truffluolíu.

**Hvað er besta súkkulaði sem þú veist um?** Súkkulaði er það besta sem ég fæ. Ég hef borðað svo mikið af góðu súkkulaði. Þeim mun herra kakóhlutfall þeim mun unaðslegra er það.

**Hver var átrúnaðargoð þitt í æsku?** Elvis. Ég safnaði glansmyndum af Elvis. Ég hafði kannski ekki heyrt alla músíkina sem hann hafði gert, enda var ég sex ára, en ég safnaði myndum af honum og var oft að teikna hann. Mér fannst hann langflottastur.

**Eftirminnilegustu tónleikar sem þú hefur farið á?** Það eru tónleikar sem ég fór á með Björk Guðmundsdóttur í London þegar hún var að fylgja eftir Post-plötunni. Það var stund sem ég fékk ólýsanlegan unaðs- og sæluhröll og fegurðin var svo yfirþyrmandi að ég réð ekki við mig og tárin féllu.

**Hver er skrytnasti eiginleiki þinn?** Ég veit það ekki. Mér finnst ekkert skrytið við mig.

**Ef þú værir ekki tónlistarmaður eða í listum, hvað værir þú þá?** Böndi eða félagsfræðingur.

\*Eftir stutta rannsóknarvinnu kom í ljós að lagið sem um ræðir er The Time (Dirty Bit).



**Hefur þú getað unnið fyrir þér sem tónlistarmaður síðan þú varst tvítugur?**

Það má eiginlega segja það já.

**Varstu í einhverjum sköndnum störfum þegar þú varst yngri?**

Ég var sendill í reiðhjólaverslun fjölskyldufyrirtækisins. Ég var náttúrulega í sveit þegar ég var yngri og svo var ég barnfóstra eitt sumarið. En svo fór hljómsveitardæmið að rúlla og þá fór maður bara að ferðast með hljómsveitinni og spila á böllum og halda tónleika.

**Þú gerðist svo frægur að taka þátt í Eurovision árið 1989. Hvernig horfir þú á dæmi við þér núna rúmm tveimur áratugum síðar?**

Ágætlega. Það var rosalega gaman að taka þátt í þessu. Ég hafði ekki mikinn áhuga á Eurovision og hef ekki enn. En reynslan sem ég varð mér úti um við þetta uppátæki var ótrúleg. Reynslubankinn troðfylltist.

**Hvernig þá?**

Bæði reynsla innan frá, að vera í samstarfi við utanaðkomandi tónlistarmann, láta gera á sig fót, æfa með bakraddasöngkonum og æfa einhver spor. Síðan lokaviðburðurinn, Eurovision-kvöldið þar sem maður var að flytja þetta fyrir einhver hundruð milljóna áhorfenda og á stórum tónleikastað. Stærsta tónleika-stað sem ég hafði spilað á þá. Stærðargráðan sprendgi alla mína skala í upplifun. Það var mjög gott að upplifa eitthvað svona snemma á ferlinum. Það fullvissaði mig líka alveg um það að ég vildi ekki fara á þennan stað aftur.

**Einhvers staðar heyrði ég að það hafi verið gefin út bók um þá keppendur sem fengu 0 stig og þú hafir verið einn af fáum sem mættu í viðtal við höfundinn með bros á vör.**

Það kom svolítið flatt upp á höfund bókanna að finna mig í kastala í Brussel með síki í kringum og íðandi dýralíf. Þetta var þegar ég var að vinna í fyrstu sólóplötunni minni (Swallowed A Star) og ég var með alveg fáránlega flotta umgjörð í kringum mig. Það kom honum skemmtilega á óvart hvað ég var í góðum gír þrátt fyrir að hafa fengið 0 stig í Eurovision einhverjum áratugum áður. Sumir hafa tekið því mjög illa að hafa farið illa út úr Eurovision. Fyrir mig skipti það engu máli. Ég var rosalega feginn að vinna ekki. Mig langaði alls ekki til þess því mig langaði til að sinna mínum ferli. Ef ég hefði unnið þessa keppni hefði ég væntanlega farið allt aðra leið. Þá hefði ég farið að syngja meira lög eftir aðra og í einhverju samhengi sem ég réði takmarkað við.

**Þú og Krummi í Mínus fóruð af stað með hljómsveitina Esju fyrir fáeinum árum. Er eitthvað að gerast hjá Esju núna?**

Við Krummi megum ekki hittast þá verður til lag. Við verðum að fara að hætta að hittast svona! Jú, við erum með slatta af lögum og svo er bara tímaspursmál hvenær við verðum búnir að klára það mörg lög sem við erum ánægðir með að við förum að telja í upptökur á næstu plötu. Það gerist örugglega á næsta ári. Hann er náttúrulega í Mínus og Legend og að gera bímyndatónlist þannig að þetta er mjög annasamt ár hjá okkur báðum. En við munum taka nokkrar sumarþústaðarferðir og semja.

**Þú sagðir eitt sinn að Rod Stewart væri einn besti söngvari allra tíma og að það væri hneisa að hann væri ekki spilaður í útvarpi allan daginn.**

Sagði ég það? Ég er ekkert hissa á að ég hafi sagt það. Röddin í þessum manni er auðvitað yfirnáttúruleg, hún er bara svo flott. Þessi tegund af sandpappír sem er í raddböndunum á honum, áferðin er svo hrjúf og mjúk í senn. Hann er mikill listamaður.

**Er þetta álit þitt ekki litað af því að þú varst ungur og móttækilegri þegar þú byrjaðir að hlusta á Rod Stewart? Myndir þú fíla hann svona mikið ef þú heyrðir fyrst í honum í dag?**

Veistu það ég hlustaði ekkert gagnert á Rod Stewart þegar ég var yngri. Ég var meira að hlusta á Stones og Bítana og eitthvað annað stöf. Auðvitað heyrði maður Rod í útvarpinu en það er ekki fyrr en á síðustu fimm árum sem ég hef virkilega kynnt mér hann og hans verk. Ég var alveg gagntekinn á tímabili. Mig hefur aldrei langað til að vera einhver annar, en mig hefði langað mikið til að vera Rod Stewart í einn dag. Í góðri upptökulotu eða á góðum tónleikum eða bara í góðu partíi. Hann var náttúrulega alltaf í partíi. Í góðu partíi með Ronnie Wood.

**Þú virðist ófeiminn við að klæðast öðruvísi en flestir. Góður maður sagðist til dæmis hafa séð þig einhvern tímann í bíó með vængi á bakinu.**

Hann er örugglega að tala um jakkann sem stelpurnar í Aftur saumuðu á mig. Þetta voru nú ekki einhverjir útþandir hvítir erkienglavængir, þetta var bara svona gagnsætt efni sem var búið að sauma aftan á svona fallega vængjalögun og kögur. Þetta var bara flottur jakki.

**Er eitthvað hægt að skilgreina klæðaburðinn þinn?**

Þetta er síðmóðernískur rokkókóstill.

**Gott svar við lélegri spurningu!**

Einhvern veginn verður maður að krafsa sig út úr þessu.

**Ég er þó með aðra tískuspurningu. Sagan segir að í kringum útgáfu plötunnar Hunang árið 1993 hafir þú verið duglegur að ganga í brúnum æfingagalla sem hinir meðlimir Nýdanskra hafi haft magna viðurstyggð á. Tveimur árum síðar hafi þessir gallar verið komnir í tísku og allir byrjað að ganga í þeim. Ertu svona mikill trendsetter eða er þetta allt tilviljanakennt?**

Þetta er náttúrulega bara alveg óvart. Ætli ég hafi ekki bara keypt þetta í Spúútník á útsölu og svo var bara til nóg af þessu. Svo hafa einhverjir séð hvað þetta voru svalir gallar. Þetta hefur æxlást einhvern veginn þannig. Það var ekki ég sem fór að kaupa birgðir af brúnum æfingagöllum til að selja.

**Í framhaldi af þessum spurningum verð ég að spyrgja út í hárið þitt. Þú átt að baki margar svakalegar hárgreiðslur. Hvernig ræðst það hvernig þú lætur klippa þig? Er einhver vitferringur að stílisera þig?**

Stundum er það þannig að hárið bara vex og þá bara vex það einhvern veginn og út um allt. Stundum er það allt í lagi og stundum fæ ég leið á því. Þá fer ég og hitti Jón Atla klipparann minn, Hairdoctorinn. Við höfum oft hist á föstudögum á því sem hann kallar Freaky Fridays. Þá verður til einhver klipping sem tekur u-beygju á það sem þætti eðlilegast að gera. Þá fer maður í einhverja átt sem manni finnst fyndin og skemmtileg. Stundirnar sem ég hef átt í stólnum hjá honum eru bara gull.

**Hvað gerir þú þegar þú ert ekki að vinna og pæla í tónlist? Hvernig „chillar“ Daníel Ágúst?**

Mér finnst voða gott að fara í vatnsgufu, þá er ég alveg slakur. Mér finnst gott að drekka gott rauðvín. Ég hef líka gaman af stangveiði í ám og vötnum. Það róar hugann og setur hann á góðan stað. Veiði kemur adrenalíni og spennu í líkamann, en útíveran og náttúran hefur róandi áhrif.

**Einhver sagði mér að þú læsir ekki blöð og horfir ekki á sjónvarp.**

Það eina sem ég horfi á í sjónvarpstækkinu er barnaefni. Það er svo margt annað skemmtilegt hægt að fást við. Stundum ef ég er alveg úrvinda og hef ekki orku í að gera neitt af viti þá kveiki ég á imbakassanum. En ég reyni að missa af öllum fréttum. Það er algjört prinsipp.

**Af hverju reynir þú að missa af fréttum?**

Þær hafa bara neikvæð áhrif á mig. Mér finnst svo neikvæð orka í fréttum. Allar þær upplýsingar sem ég fæ þar nýtast mér illa eða verða að gremju eða pirringi. Staðurinn sem ég fer á andlega verður þungur og dökkur. Það er það sem ég reyni að forðast. Ekki það að fréttirnar séu ekki merkilegar, en ég reyni að sneiða hjá þeim því þær hafa ekki góð áhrif á mig.

**Nýdönsk, GusGus, Esja og sólóefnið þitt eru fremur ólík verkefni. Hvar fílar þú þig best og er eitthvað sem þú átt eftir að gera í tónlist?**

Ég vona að það sé eitthvað sem ég á eftir að gera. Ég á náttúrulega eftir að stofna þungarokksband og blúgrassband. Svo á maður eftir að gera eins og sumir frægir erlendir tónlistarmenn að leita sér fanga í alls konar heimsálfum. Það er eitthvað sem ég sé alveg fyrir mér að gera. Ég myndi vilja fara í einhvern könnunarleiðangur og mér er alveg sama hvert það er. Það er alltaf gaman að feta nýjar slóðir og finna nýjar nálganir á viðfangsefninu tónlist.

## Sagan á bakvið nöfnin

**Nýdönsk** „Nýdönsk-nafnið varð til þegar Björn Jörundur beið eftir strætó í Lækjargötu og sá í glugga á bókabúð að verið var að auglýsa ný dönsk tímarit. Allar bókabúðir landsins stilltu því út í glugga þegar nýju dönsku tímaritin bárust og eins þegar nýju ensku og þýsku tímaritin bárust og svo framvegis. Þannig að við gætum í raun alveg eins heitið Nýþýsk. En honum fannst sniðugt að fá þessa ókeypis auglýsingu í hverri viku.“



**GusGus** „GusGus er tekið úr listrænni þýskri kvikmynd, Óttinn nagar sálina eða Angst essen Seele auf, í leikstjórn Rainer Werner Fassbinder. Nafnið er tekið úr munni konu sem vinnur á veitingastað og býður einum gestinum heim til sín að borða kúskús. Þá þýðir það ekki bara að þau séu að fara að snæða og eiga huggulega kvöldmatarstund heldur hefur það ýmis nánari kynni í för með sér. Nafnið kemur sem sagt frá þessum þýska framburði á þessari matartegund.“



**Esja** „Esjan er bara fyrir augunum á okkur sem búum í þessari borg á hverjum degi. Esjan er falleg, hún er tignarleg og hún er hluti af tilverunni og landslaginu og umhverfinu í kringum mann. Hún er manni ofarlega í huga. Okkur vantaði nafn á hljómsveitina okkar og fannst sniðugt að bera það nafn við þennan stórkostlega fjallahring.“



Það kom honum skemmtilega á óvart hvað ég var í góðum gír þrátt fyrir að hafa fengið 0 stig í Eurovision.

# EXTRA ÚTSALA AUKINN AFSLÁTTUR

GK HERRASKYRTUR ~~16.900,-~~



**9.900,-**

GK DÖMUJAKKI ~~25.900,-~~



**9.900,-**

GK DÖMUBUXUR ~~13.900,-~~



**3.900,-**

GK JAKKAFÖT ~~59.900,-~~



**29.900,-**



GK DÖMUSKYRTUR ~~16.900,-~~



**9.900,-**

## ••• NÝTT KORTATÍMABIL •••

FILIPPA K

-40%

JEFFREY CAMPBELL

-15%

SNEAKY FOX

-20%

RÜTZOU

-40%

BRUUN & STENGADE

-40%

LINDBERG

-40%

SPORTMAX

-40%

FROST BIRGENS

-40%

LEE

-20%

DESIGUAL

-40%

DAVID ANDERSEN

-40%

SENSI

-40%

# GK REYKJAVÍK

LAUGAVEGI 66 – 101 REYKJAVÍK – S. 565 2820

Á föstudaginn hefst frönsk kvikmyndahátíð í Háskólabíói og Borgarbíói Akureyri. 10 myndir verða sýndar á hátíðinni sem stendur til 3. febrúar.

SÁ GRÆNI



## Frumskýningar helgarinnar

### Green Hornet

Britt Reid (Rogen) erfir fjölmiðlavelði föður síns þegar sá síðarnefndi deyr við undarlegar aðstæður. Óvæntur vinskapur myndast milli Britt og Kato (Chou) sem reynist vera einn iðnasti og uppfinningasamasti starfsmaður föður hans. Í fyrsta skipti í lífinu sjá þeir tækifæri til að gera eitthvað sem skiptir máli, að berjast gegn glæpum. Til að nálgast glæpamennina smella þeir sér í hið fullkomna dulargervi, þeir þykjast sjálfir vera glæpamenn.

**Leikstjóri:** Michel Gondry.

**Aðalhlutverk:** Seth Rogen, Jay Chou, Christoph Waltz og Cameron Diaz.

**Lengd:** 118 mínútur.

**Dómar:** IMDB: 6,8 / Metacritic: 3,9 /

Rotten Tomatoes: 45%

**Aldurstakmark:** 12 ára.

**Kvikmyndahús:** Smárabíói, Laugarásbíói, Borgarbíói Akureyri og Sambíóiin Egilshöll.



### Morning Glory

**Leikstjóri:** Roger Michell

**Aðalhlutverk:** Rachel McAdams, Harrison Ford, Diane Keaton og Jeff Goldblum.

**Lengd:** 102 mínútur.

**Dómar:** IMDB: 6,9 / Metacritic: 5,7 /

Rotten Tomatoes: 57%

**Aldurstakmark:** Leyfð öllum.

**Kvikmyndahús:** Smárabíói, Laugarásbíói, Borgarbíói Akureyri og Sambíóiin Egilshöll.

Flinkur sjónvarpsframlendiandi (McAdams) stendur frammi fyrir þeirri áskorun að blása lífi í þreyttan morgunþátt. Það reynist hægara sagt en gert þar sem stjórnendurnir tveir, málglöð fréttakona (Keaton) og þaulreyndur fréttamaður (Ford) eru í stríði hvort við annað.



### Tangled

(Ævintýralegur flótti)

**Leikstjóri:** Nathan Greno og Byron Howard.

**Leikraddir:** Mandy Moore, Zachary Levy og fleiri.

**Lengd:** 100 mínútur.

**Dómar:** IMDB: 8,1 / Metacritic: 7,1 /

Rotten Tomatoes: 88%

**Aldurstakmark:** Leyfð öllum.

**Kvikmyndahús:** Sambíóiin.

Rapunzel prinsessu er rænt úr höllinni sinni af hinni göldróttu Gothel og læst í leynilegum turni. Einn daginn kemur þorparinn Flynn Rider að turninum og heillast af Rapunzel og þau gera samning. Nú á hún fyrir höndum sér mest spennandi ferðalag lífs síns.



NOTAÐU ORKUNA  
ALVÖRU ORKUDRYKKUR



Orkudrykkir eru ekki ætlaðir  
börnum yngri en 15 ára.

### TÖLVULEIKUR

## Sekkurinn snýr aftur

Margir eiga sér þann draum blautastan að geta búið til sína eigin tölvuleiki. Í vikunni kom út leikur sem lætur þennan draum rætast á einfaldan og skemmtilegan máta. Við erum að tala um leikinn LittleBigPlanet 2 á PlayStation 3, en hann er bæði vandaður ævintýraleikur sem allt að fjórir geta spilað í einu og einnig forrit þar sem leikmenn geta hannað sín eigin borð og tölvuleiki og deilt þeim með öðrum í gegnum netið.

#### Nær endalaus leikur

LittleBigPlanet 2 inniheldur frumlegan og fyndinn söguþráð þar sem leikmenn stýra hinum geðgóða Sackboy sem leiðir leikmenn í gegnum fleiri en 20 borð sem staðsett eru í 6 mismunandi heimum. Borð leiksins eru fjölbreytt og sýna leikmönnum alla þá möguleika sem síðar er hægt að nota við hönnun borða og leikja. Flest borðin ganga út á að hoppa og skoppa um, sveifla



sér á milli staða og afgreiða hin ýmsu illmenni. Þegar leikmenn eru svo búnir með söguþráðinn þarf enginn að örvænta því á netinu eru meira en 3 milljónir borða sem leikmenn hafa búið til, en með einföldum aðgerðum er hægt að hlaða þeim niður og spila. Það má því segja að leikurinn sé endalaus.

#### Fyndinn og fjörugur

Hönnunarhlutinn hefur verið tekinn algjörlega í gegn og skartar tækjum og tólum sem eru mun auðveldari í meðförum en áður og er tiltölulega einfalt að búa til

ný borð og leikjagerðir. Allt sem þarf er smá þolinmæði og gott ímyndunarafli. Þannig að þeir sem hafa gaman af fyndnum og fjörugum ævintýraleikjum og vilja eiga möguleika á að búa til eigin borð og deila þeim með öðrum leikmönnum um allan heim ættu að tékka á LittleBigPlanet 2, en Sackboy eða Sekkurinn snýr hér aftur sterkari en nokkru sinni fyrr.

Ólafur Þór Jónsson



Little Big  
Planet 2  
AAAAA

**Tegund:**  
Ævintýraleikur  
**PEGI merking:** 7+  
**Útgefandi:** Sony  
**Dómar:** Gamespot  
9 / IGN.com 9 /  
Eurogamer.net 10

## Rakel Mjöll Leifsdóttir

Söngkona í Sykur og Útidúr sem tekur þátt í undankeppni Eurovision um helgina.

**Aldur:** 21 árs. **Hjúskaparstaða:** Á lausu.

**Uppruni:** Kalifornía og Hafnarfjörður.

# Spennandi gjörningur framundan

### Hefur þig alltaf langað til að taka þátt í Eurovision?

Nei, reyndar ekki. Það var hringt í mig og ég spurð hvort ég vildi keppa. Ég var svolítið smeik við það fyrst því mér hafði aldrei dottið þetta í hug. Svo leist mér vel á lagið og ákvað að slá til og er mjög spennit fyrir þessu. Ég er ótrúlega ánægð með lagið mitt, svo fékk ég uppáhaldshönnuðinn minn, Unu Kristjáns sem á búðina Royal Extreme, til að klæða mig fyrir kvöldið. Tvær yndislegar vinkonur mínar syngja bakraddir, þar á meðal Sigrún Inga sem er með mér í Útidúr. Þetta verður gúrme-kvöld.

### Hvert er besta Eurovision-lag allra tíma?

Ætli það sé ekki lagið Congratulations sem Cliff Richard söng, algjör klassík. Besta íslenska lagið er samt klárlega Nína.

### Ertu að læra söng?

Já, ég er á öðru ári núna í FÍH að læra djass-söng. Það er mjög gott upp á að læra tæknina en ég ætla mér ekki að fara út í djassinn.

### Hvort finnst þér skemmtilegra að syngja með Sykur eða Útidúr?

Þetta eru gjörólíkar hljómsveitir sem er reyndar frábært og spennandi því þá fæ ég að syngja svo fjölbreytilega tónlist. Sykur er svona elektró-popp og svo er Útidúr folk-indí svo þetta er æðislegt. Það er dásamlegt að geta tekið þátt í svona ólíkum verkefnum, það er ekkert verra en að vera alltaf föst á sama stað.

### Þú bjóst um tíma í Kaliforníu. Kæmi til greina að flytja aftur þangað og reyna að meika það?

Það var dásamlegt að alast upp þar sem ég bjó, í úthverfi San Francisco, en mér finnst þetta kannski ekki fyrir mig í dag. Ég myndi frekar vilja fara til London en það er ekkert á plönunum núna að fara út að meika það.

### Hvað er framundan hjá þér fyrir utan að reyna að sigra Eurovision?

Snilldarhelgi framundan. Er að spila á tónleikum með Útidúr á Bakkus á föstudaginn og svo keppa í Söngvakeppni Sjóvarpsins á laugardaginn. Annars er ég að fara að taka þátt í gjörningi hjá Ragnari Kjartanssyni í Carnegie Museum í Pittsburgh sem er mjög spennandi. Það verkefni stendur yfir allan mars og fram í apríl og svo ætla ég bara að halda áfram í FÍH og búa til tónlist.

### Jóhanna Guðrún eða Selma Björns?

Selma Björns held ég þó ég fli Jóhönnu Guðrúnu mjög vel.

### Rihanna eða Lady Gaga?

Rihanna því hún er svo töff og röddin hennar er æðisleg.

Mynd/Árni Sæberg



## Blár og rauður HM-bjór

„Trúnó hefur tekið upp á því að sýna leiki íslenska liðsins beint í bleikum diskóljósum staðarins og bjóða upp á bláan bjór á meðan á sýningum stendur,“ segir Birna Hrönn Björnsdóttir, einn rekandi diskóbarsins Trúnó, en mikil stemning hefur verið þar upp á síðkastið á meðan á leikjum í HM stendur. „Aðdáendum býðst einnig að kaupa rauðan bjór á meðan liðið spilar í varabúningum,“ segir Birna og bjórinn mun því alltaf vera í takti við tilefnið. Birna fæst hins vegar ekki til að gefa upp nákvæmlega hvernig þessum kynngimagnaða lit er náð fram. „Það eru galdrar,“ segir hún.

Litaði bjórinn er til sölu alltaf á meðan á leikjum stendur en á milli klukkan 16 og 20 eru svo svokallaðir hamingjusamir klukkuþimar og ýmis góð tilboð í boði.

# fílófaxið

fimmtudagur 20 jan föstudagur 21 jan

### OPNUN

Listasafn Reykjavíkur  
**17:00** Þrjár sýningar verða opnaðar í safninu en sú stærsta er sýningin Án áfangastaðar þar sem fjöldi listamanna sýnir verk sem varpa ljósi á ferðaþrána og upplifun ferðalangans. Einnig verða opnaðar sýningarnar Hops Hopsi og Erró sýning.



### KVIKMYNDA-TÓNLISTARVEISLA

Háskólabíó  
**19:30** Símfóníuhljómsveit Íslands leikur tónlist úr kvikmyndum á borð við James Bond, Godfather, Psycho og Planet Of The Apes. Auk þess verður flutt verkið Popcorn Superhet Receiver eftir Johnny Greenwood úr Radiohead sem var notað í kvikmyndinni There Will Be Blood. Miðaverð er 3.900 krónur.

### RANDOM LUNACY

Bíó Paradís  
**20:00** Heimildarmyndin Random Lunacy verður sýnd en um er að ræða ótrúlega áhugaverða mynd um Neutrino-fjölskylduna. Í tuttugu ár tóku þau upp óvenjulegt líf sitt þar sem þau ferðuðust um heiminn í hjólhýsi sínu og reyndu að lifa utan samfélagsins.

### ÚTGÁFUTÓNLEIKAR FERLEGHEITA

Tjarnarbíó  
**21:00** Hljómsveitin Ferlegheit gaf nýlega út sína fyrstu breiðskífu, You Can Be As Bad As You Can Be Good, og fagnar útkomunni með tónleikum þar sem platan verður leikin í heild sinni. Miðaverð er 1.500 krónur.

### TÓNLEIKAR

Ground Zero, Ingólfstorgi  
**21:00** Hljómsveitin 1860 spilar frumsamda folk-popp tónlist í kosningamiðstöð Röskvu. Fritt inn.

### BLÚSTÓNLEIKAR

Café Rósenberg  
**21:00** Elvar Örn Friðriksson ásamt hljómsveit heldur blústónleika. Aðallega verða spiluð þekkt blúslög eftir þekktu blúsara heimsins en einnig verða á boðstólum nokkur frumsamir. Aðgangseyrir er 1500 krónur.

### ÚTGÁFUTÓNLEIKAR ÓSKABARNS ÞJÓÐARINNAR

Rísíð  
**23:00** Rapparinn Ramses gaf nýverið út plötuna Óskabarn Þjóðarinnar. Núna er komið að því að fagna þeim merka áfangi. Ramses lofar stórskemmtilegum tónleikum en honum til aðstoðar verður fongulegur hópur tónlistarmanna. Aðgangseyrir er 500 krónur en mæti sex stelpur saman í hóp fá þær fritt inn.

laugardagur 22 jan



### VALKYRJAN

Hitt húsið  
**12:00** Hátíðin Valkyrjan verður haldin í þriðja sinn í Hínu húsinu og er opin öllum stelpum á aldrinum 16-25 ára. Markmið Valkyrjunnar er að varpa ljósi á og fagna fjölbreytileika kvenna og vinna gegn staðalmyndum. Skráning fer fram á vefsíðu Hins hússins og er fritt inn.

### FATAMARKAÐUR

Tryggvagata 4-6  
**14:00** Súpersnitzel glimmer-freyði-frábæri fatamarkaður Vökustelpna og vinkvenna þeirra verður haldinn í kosningamiðstöð Vöku í húsinu þar sem hárgreiðslustofan Rauðhettu&Úlfurinn var einu sinni. Boðið verður upp á kaffi og kökur ásamt ljúfum gítartónum.

# LOKAPRÓFIÐ

20. janúar 2011 | MONITOR skólinn

Ég heiti Adolf Ingi

Þú veist hver ég er af því að það heyrst í mér

Upphaldshandboltaleikmaðurin minn er

- a) Alexander Petersson
- b) Guðjón Valur Sigurðsson
- c) Ólafur Stefánsson
- d) Geir Sveinsson
- e) \_\_\_\_\_

Því hann er besti íþróttamaðurur Íslands frá upphafi

Hvaðan kom hann? Ómögulegt að segja með ölla

Ef ég mætti velja mér einn af eftirfarandi úr íslenska handboltsliðinu til að fara í heimsreiðu með yri þá

- a) Alexander Petersson
- b) Snorri Steinn Guðjónsson
- c) Aron Pálmarrsson
- d) Ólafur Stefánsson
- e) Björgvin Páll Gústavsson

Af því að hann er mesti húmoristinn

Hvert er hann að fara? Nú, í heimsteigi

Ef ég væri ekki Adolf Ingi vildi ég helst vera

- a) Adolf Hitler
- b) Dolly dropi
- c) Alexander Petersson
- d) Dolly Parton
- e) \_\_\_\_\_

Af því að þú væri ég fálki og einn besti handboltamaður í heimi

Hvað er hann? Súpermanni

Eiginhandaáritunin mín lítur svona út:

*[Handwritten signature]*

Mér finnst skemmtilegast að lýsa

- a) Handbolta
- b) Fótbolta
- c) Samkvæmisdönsum
- d) Krullu
- e) \_\_\_\_\_

Af því að það er bara rakk og róll - alltaf eitthvað að gerast.

Besti íþróttamaður allra tíma er Michael Jordan en Joey Barton

ætti að snúa sér að öðru.

Flottasta íþróttakonan er

- a) Íris Mist Magnúsdóttir, fimleikadrottning
- b) Dóra María Lárúsdóttir, fótbolta-prinsessa
- c) Stella Sigurðardóttir, handboltagyðja
- d) Tinna Jóhannsdóttir, golfskutla
- e) Katarína Witt

Því hún er alvöru kona

Síðasta sms sem ég fékk var frá Atlantísku og í því stóð 17 kr. afskiptur á bensíli

Sætasti íþróttafretamaðurinn fyrir utan mig er

- a) Hjörtur Hjartarson. *Síðan bara þrjú á milli*
- b) Haukur Harðarson. *Ekki spurnir*
- c) Hjörvar Hafliðason.
- d) Hörður Magnússon.
- e) \_\_\_\_\_

Ég er snillingur í Kavecki

en reyni að sleppa við að laga til - er songlegur leigjgur í því

Ef ég mætti gera einn Facebook status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa Var að koma á heimspíði - Verði ykkur að gæðu

# Síðast en ekki síst

» Magnús Gröndal, söngvari We Made God, fílar:


**Kvikmynd** Get horft endalaust á **Old Boy**. Tvímælalaust með betri myndum síðasta áratugs. Inniheldur eitt ótrúlegasta bardagaatriði sem ég hef séð. Oh Dae-Su gefst ekki upp. Ótrúleg saga.




**Vefsíða** Þegar mig vantar innblástur er **Ffffound.com** málið. Annars hef ég líka verið að lulla yfir **Slembingur.org** undanfarið. Svo stendur **Gogoyoko.com** alltaf fyrir sínu.



**Þáttur** It's Always Sunny In Philadelphia koma mér alltaf í gott skap. Að fylgjast með þeim skemma fyrir sjálfum sér fær mig alltaf til að hlæja. Dayman FTW.



**Bók** Þegar mér finnst ég vera fastur les ég **On The Road**. Þessi bók var valdur þess að ég ákvað að ferðast um Evrópu fyrir nokkrum árum.



**Plata** Moderat með hljómsveitinni Moderat sem mér var bent á nýlega. Platan hefur eiginlega ekki farið úr spilaranum síðan.





*Naomi'*

BY  
NAOMI  
CAMPBELL

THE **NEW** FRAGRANCE



FOLLOW YOUR INSTINCT

Samsung GALAXY S



**Vertu með Netið  
í símanum!**  
**0 kr. á föstudögum í janúar.\***

[www.ring.is](http://www.ring.is) / [m.ring.is](http://m.ring.is)



[www.facebook.com/ringjarar](http://www.facebook.com/ringjarar)



VERTU MEÐ

\*Míðast við notkun innanlands, 100 MB innan dagsins.